

Viljayfirlýsing

um stofnun þróunarfélags um Líforkuver í Eyjafirði.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (hér eftir *ráðuneytið*), Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (hér eftir *SSNE*) og eftirtalin sveitarfélög á Norðurlandi eystra ætla í sameiningu að halda áfram með undirbúning að Líforkuveri í Eyjafirði.

Fyrir liggur frumhagkvæmnimat á líforkuveri í Eyjafirði sem unnið var af SSNE, Vistorku og ráðgjöfum fyrir hönd sveitarfélaganna innan SSNE. Helstu niðurstöður skýrslunnar hafa verið kynntar á fundi sem haldinn var í Hofi 1. nóvember 2022 og fyrir sveitarstjórnnum á fundum í janúar 2023. Ráðuneytið, SSNE og sveitarfélögin á Norðurlandi eystra gerðu með sér viljayfirlýsingu um nánari skoðun á forsendum fyrir Líforkuveri á Dysnesi í febrúar 2023.

Að undanfögnu verið unnið að undirbúningi að Líforkuveri með nákvæmari útreikningum á kostnaðaráætlun og rekstraráætlun líforkuvers á Dysnesi í Hörgársveit. Lagt er til að aðilar stofni með sér þróunarfélag sem haldi utan um verkefnið og framgang þess í samstarfi við aðra hagsmunaaðila og mögulega fjárfesta.

Norðurlandi eystra, 12. júní 2023